



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Kjötskurðarmaður - kjötskurður

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Meat cutter

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- sagar, hlutar niður og úrbeinar dilk, naut, svín, hross og aðrar kjötafurðir eftir gefnum stöðlum og nýtingaráformum
- kryddar og kryddleggur kjöt og vinnur að meyrnun kjöts og undirbýr kjöt og kjötrétti til sölu í kjötborði
- metur ástand og gæði hráefnis með hliðsjón af umbúðamerkingum, hitastigi og almennum gæðakröfum um öryggi og gæði matvæla
- pakkar framleiðsluvörum í neytendapakningar, útbýr og ber ábyrgð á að innihaldslýsingar séu réttar og í samræmi við gildandi lög og reglur um merkingar og þökkun viðkomandi vöru
- afgreiðir viðskiptavini, sýnir þjónustulund og hæfni til góðra samskipta
- notar handverkfæri og hefur góða færni í skurði, úrbeiningu og snyrtingu á sláturdýrum. Getur þrifið og sóttreinsað húsnæði og búnað samkvæmt stöðluðum hreinlætiskröfum
- ber virðingu fyrir faginu, hráefni og nýtingu þess. Tekur ábyrga afstöðu til sjálfbærni og hefur tileinkað sér hugmyndafræði um sjálfbæra nýtingu sláturdýra

hefur vald á íðorðum greinarinnar og getur tjáð sig og leiðbeint um fagleg málefni.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Kjötskurðarmaður vinnur við hvers kyns úrvinnslu og verkun kjöts og pakkar og gengur frá kjöti til sölu. Hann raðar upp í kjötborð og afgreiðir viðskiptavini. Hann starfar í kjötvinnslustöðvum, kjötborði matvöruverslana og sláturhúsum.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Sérnám til sveinsprófs í kjötiðn, viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er tvö og hálf ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í tvær annir, námstími samtals 36 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 80 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)